

Hítarnes lagzt til Miklaholtsprestakalls að öllu leyti jafnskjótt og breytingin **114** komst á brauðaskipunina, og verður engin breyting þar á gjörð að svo 9. okt. stöddu.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um hluttöku Norður-Píngeyjarsýslu í búnaðarskólalahaldinu á Eyðum. — Eptir að hafa **115** 9. okt. fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 31. ágúst þ. á., þar sem þjer tjáið mjer þá ályktun sýslunefndarinnar í Norður-Píngeyjarsýslu, að hún hvorki vilji ganga í samband við sýslunefndirnar í Múlasýslum um búnaðarskólalahaldið á Eyðum nje við hina aðra búnaðarskóla með því fyrirkomulagi, sem á þeim sje, svo og tillögu amtsráðanna í norðuramtinu og austuramtinu um, að jeg skipi svo fyrir, að Norður-Píngeyjarsýsla skuli taka þátt í búnaðarskólalahaldinu á Eyðum samkvæmt tilboði sýslunefndanna í Múlasýslum, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg finn ekki næga ástæðu til þess, að gjöra neinar fyrirskipanir um, að Norður-Píngeyjarsýsla móti vilja sýslunefndar sinnar gangi í hið umrædda búnaðarskóla-samband, en á hinn bóginn er stjörn búnaðarskólans á Eyðum innanhandar, að neita námspiltum úr Norður-Píngeyjarsýslu um inntöku á skólann.

Brjef landshöfðingja til póstmeistara um útbúning póstflutnings. (Ágrip). — **116** 10. okt. Út af umkvörtun frá yfirpóstmeistarannum í Kaupmannahöfn yfir því, að það viðgengist á því nær öllum hinum minni pósthúsum á Íslandi, að böggulsendingum og brjefsendingum væri blandað saman í sama póstpoka, er í sjálfu sjer væri óheppilegt og auk þess gjörði ómögulegt að taka móti póstinum í Kaupmannahöfn á fyrirskipaðan hátt, lagði landshöfðingi með brjefi þessu fyrir póstmeistara, að brýna fyrir öllum póstafgreiðslumönnum, að láta ekki eptirleiðis koma fyrir, að böggulsendingar og brjefasendingar sjeu látnar í sömu póstpokana, einkanlega þegar er að ræða um sendingar til útlanda.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um breyting á skipan umboða í norðuramtinu og austuramtinu. — Í framhaldi af brjefi **117** 11. okt. mínu, dags. 28. ág. þ. á. skal yður, herra amtmaður, hjer með þjónustusamlega tjáð, að ráðgjafinn fyrir Ísland hefur með brjefi, dags. 13. ágúst þ. á., samþykkt breytingu þá á skipan umboða í norðuramtinu og austuramtinu, sem um ræðir í þóknanlegu brjefi amtsins, dags. 7. maí þ. á., þannig, að eptirleiðis skuli allar þær þjóðjarðir, sem eru í hverri sýslu, vera umboð út af fyrir sig undir sömu innheimtu og umsjón, með sjerstakri reikningsfærslu, þótt sameina megi tvö smá-umboð, er þykja of lítil til þess, að vera sjerstök undir einum umboðsmanni.

Umboðaskipan í norður- og austuramtinu skal því eptirleiðis vera eins og nú skal greina:

117

1. *Pingeyraklaustursumboð*

11. okt. sömu jarðir og nú eru, og auk þess jarðirnar Fjall í Vindhælishreppi og Rugludalur í Bólstaðarhlíðarhreppi, er legið hafa undir Reynistaðaklaustursumboð, alls 56 jarðir og 4 háflendur.

2. *Reynistaðarklaustursumboð*

sömu jarðir og nú, að undanteknum tveimur ný-nefndum jörðum, alls 43 jarðir, 2 háflendur og 2 þriðjungar.

3. *Vaðlaumboð*

- | | |
|---|-----------------------|
| a. Möðruvallaklaustursjarðir, þar með taldar þjóðjarðir í Grímsey (landsh.brj. 28. júlí 1882) | 58 jarðir |
| b. Munkaþverárklaustursjarðir í Eyjafjarðarsýslu með Staðarey | 28 — |
| c. Stærri og minni Eyjafjarðarsýslujarðir | 11 — |
| d. Möðrufellsspítalajarðir | 5 — |
| | <hr/> Alls 102 jarðir |

4. *Norðursýslu-umboð*

- a. Munkaþverárklaustursjarðir í Pingeyjarsýslu að meðtöldum Bleiksmýrardal, 35 jarðir, 2 háflendur og 1 þriðjungur;
 b. Norðursýslu og Reykjadalssjarðir með $\frac{3}{4}$ Flateyjar, 15 jarðir, alls 50 jarðir, 2 háflendur og 1 þriðjungur.

5. *Múlasýslu-umboð*

- I. Skriðuklaustursumboð í Norðurmúlasýslu, 22 jarðir;
 II. Suðurmúlasýslujarðir, þannig, að öll jörðin Helgustaðir með Sigmundarhúsum hverfi undir það umboð, en sýslumaður hafi eins fyrir því eptirlit með silfurbergsgnámunum, 17 jarðir og 1 háflenda.

Framangreind breyting á umboðskipaninni á að komast á svo fljótt, sem því verður við komið. Þannig skal jeg þjónustusamlega skora á yður að annast um, að breytingin að því er Helgustaði snertir komist á í næstu fardögum, og með því að Möðruvallaklaustursumboð og umboð stærri og minni Eyjafjarðarsýslujarða nú eru laus, og umboðsmaður Munkaþverárklaustursjarða og Norðursýslu og Reykjadalssjarða ásamt $\frac{3}{4}$ Flateyjar hefur lýst því yfir, að hann vilji sleppa þessum umboðum, ef hann fái umboð yfir öllum þeim þjóðjörðum, sem eru í Eyjafjarðarsýslu, — Möðrufellsspítalajörðum þó þá fyrst, þegar það umboð losnar, — þá getur breytingin einnig þegar komið á að því er snertir jarðir í Eyjafjarðar- og Pingeyjarsýslum, með þeirri undantekning, sem á var dregið um Möðrufellsspítalajarðir en breytingin á Pingeyra- og Reynistaðarklaustursumboðum skal koma til framkvæmda þegar hið síðarnefnda umboð losnar, eða núverandi umboðsmenn koma sjer saman um, að breytingin skuli komast á.

Samkvæmt tillögum yðar í fyrnefndu þóknanlegu brjefi sendi jeg yður hjer með til þóknanlegrar ráðstöfunar skipunarbrjef handa umboðsmanni Stefáni Stephensen til að vera umboðsmaður í hinu nýja Vaðlaumboði á þann hátt er fyrr greinir, frá 1. sept. þ. á., en hið nýja Norðursýsluumboð verður auglýst

laust í Stjórnartíðindunum til veitingar frá næstu fardögum. Til þess tíma hef- **117**
ur núverandi umboðsmaður þeirra jarða umbóðið á hendi. 11. okt.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um afhending á kirkjulandi. — Hjer **118**
með læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að gefa stiptsyfirvöldunum til vit- 13. okt.
undar, að samkvæmt tilkynningu frá ráðgjafanum fyrir Ísland hefur hans há-
tign konunginum samkvæmt tillögum ráðgjafans þóknazt 19. f. m. að samþykkja, að
afrettarlönd Reykholtskirkju, Þóreyjartungur og land nokkurt við Reyðarvatn,
sjeu seld frá kirkjunni fyrir 700 kr., þannig að upphæð þessi sje lögð í söfnun-
arsjóð Íslands sem óskerðanleg innstæða kirkjunnar, og að af vöxtunum af
upphæð þessari sje Reykholtspresti árlega greiddar 20 krónur og að auki
helmingur þess, er rentan fer fram úr þessari upphæð, en hinn helmingurinn
sje jafnan lagður við höfuðstól.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frek-
ari birtingar.

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um sektir fyrir galla á skipa- 119
skjöllum. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 31. ágúst þ. á. ritað mjer á þessa leið: 13. okt.

»Utanríkisráðaneytið hefur aptur og aptur vakið máls á því, er gefur
mjer tilefni til þess þjónustusamlega að mælast til þess, að þjer, herra lands-
höfðingi, þókanlega tjáið öllum lögreglustjórum á Íslandi, að ráðaneytinu hafi
verið bent á, að skipstjórar, einkum á stærri skipum, sem frá útlendum höfnum
fara til Íslands, optlega láti hjá líða að láta hlutadeigandi verzlunarræðismenn
rita lögboðin vottorð á skipsskjöl sín, af því að það borgi sig fyrir þá að greiða
þá lágu sekt, sem almennt sje vant að beita fyrir slíka vanrækslu, heldur en
að gjalda konsúlum gjöld þau, er þeim bera fyrir vottorð sín, og að jeg því
verði að telja það æskilegt, að sektin, þegar svo ber undir, sje ákveðin svo
há, að þessum undanbrögðum linni«.

Þetta skal jeg hjer með þjónustusamlega leggja fyrir yður, herá amt-
maður, að birta öllum lögreglustjórum í ömtum yðar, að því viðbættu, að þeim
beri að hafa strangar gætur á, hvort skipstjórar þeir, sem eiga að sýna skipa-
skjöl í lögsagnarumdæmum þeirra, hafi orðið brotlegir í vanrækslu þeirri, er
að framan greinir, og ef svo reynist, þá að beita svo háum sektum við þá, að
þeim geti ekki verið hagur í því að hafa undanbrögð í frammi í áminnstu efni.

Reikningur

120

yfir tekjur og gjöld bókasafns austuramtsins 1893.

Tekjur:

1. Í sjóði frá f. á.	kr. 298,85
2. Tillag frá »Det Classenske Fidejkommiss«	— 300,00
	Flýt — 598,85